

PRESSBOOK

Jesper JUST

Morgunbladd

February 2018

Landamæri, þjóðir og nýlendur

- Sýning með verkum fjögurra þekkra danskra myndlistarmanna í Listasafni Reykjavíkur
- Jesper Just, einn listamanna, segir ákveðna ljóðrænu í landamæraveggi í myndbandsverki hans

Einar Falur Ingólfsson
efi@mbl.is

Listasafn Reykjavíkur minnst aldarafræmleis sjálfstæðis og fullveldis Íslands í ár með því að bjóða myndlistarmönnum frá Danmörku að sýna í safninu. Sýning þeirra, *Tak í lige máde: Samtímalist frá Danmörku*, verður opnuð í Hafnarhúsinu annað kvöld, föstudag, kl. 20.

Fjórir kunnir danskir myndlistarmenn eiga verk á sýningunni, þau Jeannette Ehlers, Jesper Just, John Kørner og Tinne Zenner. Just verður viðstaddur opnunina og mun kl. 21 ræða við Markús Þór Andrésson sýningarstjóra um sýninguna og eigin verk.

Mikil gerjun á sér stað í danski myndlist um þessar mundir, ekki síst í ljósi breyttrar heimsmyndar í pólitísku og samfélagslegu tilliti.

Þessi fyrrverandi herraþjóð okkar á sér langa sögu sem nýlenduveldi og heyrir Grænland og Færeyjar enn undir konungsríkið. Þá er Danmörk í dag fjölmenningarsamfélag. Margir danskir listamenn, og þar á meðal þeir sem eiga verk á sýningunni, endurspeglar í verkum sínum þessa þætti í sögu þjóðarinnar og samtíma. Viðfangsefni þeirra tengjast meðal annars hugmyndum um síðnýlendustefnu, fólksflutninga, sjálfsmynd þjóða og landamæri. Í verkunum vísa listamennirnir ýmist í eigin reynsluheim og fjölskyldusögu, eða takast á hendur heimildavinnu, ferðalög og rannsóknir.

Veggur verður hljóðfæri

Sem dæmi um verk á sýningunni má nefna nýtt myndbandsverk Tinne Zenner, *Nutsigassat (Pýðingar)*. Það er tekið á Grænlandi og fá áhorfendur innsýn í starfsemi fólks í höfuðstaðnum Nuuk og er horft til snævi þakinn fjalla og jökla allt um kring. Yfir kvikmyndinni er fluttur texti á grænlensku sem greinir frá því hvernig Danir tóku upp á því að nefna ýmsa staði á Grænlandi upp á dönsku þegar valdatíð þeirra hófst í landinu. Þann-



Birt með leyfi listamannsins & Perrotin

Landamæri Úr myndbandsverki Jespers Just, *Continuous Monuments (Interpassivities)*. Bassaleikarinn kunnir úr *Sonic Youth*, Kim Gordon, sést hér banka taktviss á stálvegg á landamærum Bandaríkjanna og Mexíkó.



Ljósmynd/Guillaume Ziccarelli

Listamaðurinn
„Þegar Íslendingar vilja þakka Dönum fyrir síðast, og hafa ákveðinn húmor í skilaboðunum, þá er ég til í að taka þátt,“ segir Jesper Just.

ig voru ný nöfn gefin náttúrufrýrbærum og stöðum sem Grænlandingar þekktu undir sínum eigin heitum. Sum hver eru langsótt, eins og að nefna fjall „Söðul“ því hestar voru aldrei á Grænlandi og nafnið því úr samhengi við menningu svæðisins. Texti verksins er þýddur með enskum texta þar sem orðalag og orðaskipan er nákvæmlega eins og á grænlensku. Þannig opnast nýr skilningur á virkni tungumálsins fyrir þá sem skilja það ekki.

Jesper Just er einn þekktasti samtímalistamaður Dana en síðustu 11 ár hefur hann verið búsettur í New York og unnið þar að list sinni. Hann var fulltrúi Dana á Fenejja-tvíæringnum árið 2013. Í myndbandsverkinu *Continuous Monuments (Interpassivities)*, sem er rúmlega árs gamalt, er komið að landamærunum milli Bandaríkjanna og Mexíkó en þar er þegar voldug stálgirðing á köflum – sem Bandaríkjaforseti vill nú lengja með miklum vegg. Í verkinu sést Kim Gordon, sem er þekkt sem bassaleikari hljómsveitarinnar Sonic Youth, rölta meðfram girðingunni, dangla í hana með spýtu og breyta henni í hálfgerð hljóðfæri. Hlutverki völdugrar landamæragirðingarinnar er breytt með græskuláusu gamni „og þannig verður hugmyndin um þessa girðingu í miðri eyðimörk sem aðskilur mannfólk nánast hjákátleg“, segir í lýsingu á verkinu.

Orðið fullpólitískt

Þegar rætt er við Jesper Just segir hann þetta myndband sem sýnt er hér upphaflega hafa verið hluta viðamikils dansverkefnis sem þau Kim Gordon unnu saman fyrir Konunglega danska ballettinn og fjallaði um landamæri og skorður, milli landa sem manna.

„Verkin mín fjalla iðulega um arkitektúr og form, ekki endilega um fólk – og hér er fjallað um vegg,“ segir Just um *Continuous Monuments (Interpassivities)*. „Þegar það var ljóst að Kim Gordon myndi skapa tónlist fyrir ballettinn þá langaði mig að gera kvikmynd sem hún

kæmi fram í og myndi spila, ekki á gítar heldur á landamæravegg milli Bandaríkjanna og Mexíkó. Þetta er einföld kvikmynd og ekkert er gefið í skyn um það hvort þessi mikli stálveggur sé góður eða slæmur þar sem hún spilar á hann. En verkið hefur breyst síðan ég gerði það, áður en Donald Trump var kosinn forseti. Hugmyndir hans um vegg urðu mikilvægur hluti kosningaherferðarinnar, þótt hann verði sjálfsgættur aldrei reistur, en engu að síður er landamæraveggur víða þegar til staðar,“ segir hann. Og bætir við að sér þyki þetta verk orðið fullpólitískt í ljósi hugmynda Trumps. Just hefur sínar hugmyndir um þær en vill alls ekki þröngva þeim upp á áhorfendur.

„En það má finna ákveðna ljóðrænu í þessum vegg sem er undirdelur nú en var það auðvitað líka áður,“ segir hann. „Ég hef sýnt þetta verk annarsstaðar með öðrum verkum mínum sem fjalla um byggingar og strúktúra með mikla táknræna merkingu, eins og Tvíburaturtana í New York.“

Í sumum verka minna birtast kvenpersónur og mynda ákveðið jafnvægi við byggingar sem eru mjög karllægar – eru líka oftast reistar af körlum.“

Sérkennilegt að vera fulltrúi

Sum verka Just eru vandlega skrifuð fyrirfram og hann gerir þá tökuhandrit, ólíkt því verki sem sýnt er hér nú, og eru þá jafnvel sýnd á mörgum skjáum. Í þessu verki hér skipti hugmyndin mestu máli, segir hann. Þá hefur Just líka unnið með innsetningar í auknum mæli og flétt að saman við kvikmyndir en í seinni tíð hefur hann oftast kvikmyndað á filmur, ekki véð. „Mér finnst áhugavert að skapa frásagnir, ekki bara innan kvikmyndanna heldur samhliða í sýningarvörðunum öllu,“ segir hann.

Á sýningunni í Hafnarhúsinu er Jesper Just kynntur sem danskur listamaður í hópi landa sinna og honum finnst það skemmtilegt þar sem ákveðinn húmor er í því hvernig sýningin er sett fram, til að minnast þess að Danir réðu eitt sinn landinu.

„Ég hef ekki búið í Danmörku í 11 ár og finnst það í raun sérkennilegt að vera kynntur sem fulltrúi landsins,“ segir hann. „Það getur þó verið áhugavert í samhengi eins og núna, þar sem Listasafn Reykjavíkur velur listamennina og býður okkur, en það er annað þegar til að mynda ráðuneyti setur saman hóp og otar honum að öðrum sem fulltrúum. Því geta fylgt vandamál... En þegar Íslendingar vilja þakka Dönum fyrir síðast, og hafa ákveðinn húmor í skilaboðunum, þá er ég til í að taka þátt.“ Og Just minnst á húmorinn í verkum Ragnars Kjartanssonar sem hann kann greinilega að meta. Þeir hittust fyrst þegar báðir sýndu á listahátíð í Noregi. „Og þar sýndi Ragnar myndbandsverk sem sýnir danskan kaupmann flengja Íslending! Það var rosalega fyndið.“

Verk Sigurðar og Ragnars á ARCO

i8 galleríð tekur þátt í ARCO Madrid-listkaupstefnunni á Spáni sem hófst í gær og stendur út helgina. Alls sýna 211 gallerí frá 29 löndum verk eftir listamenn á þeirra snærum en þetta er ein umfangsmesta listkaupstefnan sem sett er upp í Evrópu á ári hverju.

160 galleríanna eru á hinu almenna svæði en unnið er sérstælega með nokkrum og þar á meðal i8 sem sýnir í þeim hluta kaupstefnunnar sem kallaður er Dialogues, eða Samtöl. Þar hafa 14 gallerí verið valin af stjórnendum kaupstefnunnar til að kynna sérstaklega vel



Sigurður Guðmundsson



Ragnar Kjartansson

ákveðna listamenn og verk þeirra og sýnir i8 þar verk eftir Sigurði Guðmundsson og Ragnar Kjartansson.

STOCKHOLM SWEDEN

REF OCEAN MIST



REF Stockholm er 12 ára gamalt Professional haircare merki

Ocean Mist er 100 % Vegan , sulfate, Paraben, glúten og Cruelty free

Verð 2.560 kr.

Sjá nánar á harvorur.is



Modus Hár og Snyrtistofa
Smáralind | harvorur.is